

## **Stjórnarfundur í Grímshaga haldinn á Hvanneyri 17. febrúar 2015**

Mættir eru Þóroddur Sveinsson (ÞS, stjórnarformaður), Pétur Diðriksson (PD), Lárus Pétursson (LP, framkvæmdastjóri) og Jón Hallsteinn Hallsson (JHH) sem ritaði fundargerð.

### **1. Framvindan frá síðasta stjórnarfundum**

-ÞS hefur átt fundi með ýmsum aðilum um stöðu Grímshaga (Gh), meðal annars formanni Bændasamtaka Íslands og formanni Landsambands sauðfjárbænda. Skiptar skoðanir virðast um áform stjórnar um útleigu á Hesti/Mávahlíð. Þessir fundir hafa þó ekki áhrif á áætlanir stjórnar Gh um útleigu á Hesti/Mávahlíð.

-ÞS ræddi mál Gh við settan rektor Lbbí. Rektor er sammála mati stjórnar Gh um mikilvægi þess að gripið verði til aðgerða sem fyrst og að breytingar verði gerðar á rekstrinum.

-Fyrirhugaður er fundur rektors og ÞS í ráðuneytinu til að ræða stöðuna sem upp er komin. Ekki er komin dagsetning á fundinn.

### **2. Leigan á Hesti**

Mikilvægt að hafa hraðar hendur svo auglýsa megi Hest/Mávahlíð til útleigu fyrir vorið.

ÞS hefur gert uppkast að leigusamningi. Mikilvægt að ræða málið frá öllum hliðum svo ekki komi upp vafaatriði síðar meir. M.a. er mikilvægt að ræða hvað telst eðlilegt viðhald á fasteignum og jafnframt að ræða framtíð eldri bygginga sem ekki eru nýtanlegar vegna starfsemi búsins, telja má að jafnvel þurfi að rífa þær byggingar.

Nauðsynlegt er að rifta öllum kvöðum af jörðunum, s.s. leigu á húseign, svo nýir leigjendur getið tekið við búinu þegar samningar nást við nýja ábúendur.

Farið var yfir drög að samningi og ákveðið að leggja þessi drög fyrir deildarráðsfund auðlindadeildar föstudaginn 20. febrúar.

Stefnt er að því að auglýsa jarðirnar Hest og Mávahlíð fyrir 1. mars.

### **Hádegishlé**

### **3. Önnur mál**

Aðalfundur Gh áætlaður 16. apríl, fimmtudagur.

**Fleira ekki gert og fundi slitið.**